

## Bragagata 33 A – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 23. janúar 2025 var lögð fram fyrirspurn Kára Eiríkssonar, dags. 15. janúar 2025, ásamt greinargerð, dags. 29. desember 2024, um að stækka bakhús á lóð nr. 33A við Bragagötu. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnastjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040

Kort úr Borgarvefsjá

Skjáskotja.is, Válastígur

### Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin Þingholt, íbúðarsvæði.

Deiliskipulag/ Hverfisskipulag: Ekki er í gildi deiliskipulag fyrir svæðið.

### Umsögn


Óskað er eftir afstöðu Skipulagsfulltrúa um stækkun á bakhúsi sem var byggt árið 1921 sem bílskúr og geymslur fyrir íbúðir í húsinu. Samkvæmt samþykktum byggingarnefndarteikningum voru samþykktar tvær vinnustofur í rýminu 31.05.2011. Árið 2016 var samþykkt bílgeymsla og sameiginleg geymsla í þessu rými.

Fyrirspurnin gerir ráð fyrir tveimur vinnustofum, stækkun 1 hæðar á bakhúsi er tæpir 16 m<sup>2</sup>, einnig er óskað eftir að 35m<sup>2</sup> geymslulofti. Heildarstærð eftir breytingu: 80 m<sup>2</sup>, fyrir breytingu var skúrinn 33,3. Samtals stækkun: 46,7 m<sup>2</sup>.

Umhverfið er þétt og hefur hækkunin minniháttar áhrif á aðliggjandi lóðir. Ekki er gerð skipulagsleg athugasemd við að fyrirspyrjandi leggi fram byggingarleyfisumsókn sem verður grenndarkynnt ef hún berst.

### Niðurstaða

- Byggingarleyfisumsókn verður grenndarkynnt berist hún.



Sneiðing í lóðina Bragagata 33A sýnir tillögu að breytingu á bakhúsi.



- Samþykki meðlóðarhafa þarf að fylgja byggingarleyfisumsókn.
- Skuggavarp þarf að fylgja með byggingarleyfisumsókn.
- Umögn Minjastofnunar Íslands þarf að fylgja með byggingarleyfisumsókn.

*Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfalli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.*

### **Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur**